

# Námsáætlun íslenska

## 9. bekkur 2022–2023

### Kennari:

Guðrún Ásgeirsdóttir

[guðruna@skolar.fjardabyggd.is](mailto:guðruna@skolar.fjardabyggd.is)

### Námsefni til grundvallar:

- Yndislestur (bókasafn)
- kjörbók, **Korku saga**: <https://www.forlagid.is/baekur/korku-saga/>
- **Neistar**: <https://mms.is/namsefni/neistar>
- **Málfræði, Gullvör**: <https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/gullvor/>
- **Laxdæla saga**: <https://mms.is/namsefni/laxdaela-saga>
- *Efni frá kennara*
- *Handbækur: málvisir*;  
[https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/malvisir-handbok\\_um\\_malfraedi/](https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/malvisir-handbok_um_malfraedi/)
- **Heimir**: <https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/heimirapa/>
- **Kvikmyndir (tengdar námsefni)**

### Gagnleg hjálp á netinu:

Árnastofnun: <http://www.arnastofnun.is/>, **Skrambi**: <http://skrambi.arnastofnun.is/>

Beyging orða, <http://bin.arnastofnun.is/forsida/>

### Leiðir að markmiðum:

- Innlagnir
- Verkefnavinna
- Einstaklings-para og hópavinna
- Skapandi verkefni

### Afurð / námsmat:

- Markmið á hæfnikorti
- Verkefnamappa
- Munnleg og skrifleg verkefni
- Framsögn, leikræn tjáning og skapandi skil
- Lokamat

### Hæfniviðmið:

#### Talað mál, hlustun og áhorf (5/6)

Flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og hefur tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas.  
Átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitsemi, virðingu og kurteisi.



Hlustað tekið eftir og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks og skemmtunar.

Gert sér grein fyrir eðli góðrar framsagnar og framburðar og nýtt leiðbeiningar um framsögn, s.s. um áherslur, tónfall, hrynjandi og fas og lagað það að viðtakanda og samskiptamiðli á fjölbreyttan hátt, m.a. með leikrænni tjáningu.

Átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitsemi, virðingu og kurteisi.

Nýtt aðferðir sem hann hefur lært til að taka virkan þátt í samvinnu, samræðum og rökræðum, tjáð skoðanir sínar með ýmsum hætti, rökstutt þær og valið þeim miðil sem hentar.

### Lestur og bókmenntir (11/11)

Lesið almennan texta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á þá og túlkað.

Greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margs konar texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða.

Beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði, svo sem minni, fléttu, sjónarhorni og sögusviði og kannast við myndmál og stílbrögð.

Skilið mikilvægi þess að geta lesið og eftl eigið læsi.

Gert sér grein fyrir eðli og einkennum margvíslegra textategunda og gert öðrum grein fyrir því.

Notað algeng hugtök í bragfræði í umfjöllun um bundið og óbundið mál. Lesið og túlkað ljóð af ýmsum toga og frá ýmsum tímum.

Valið sér lesefni til gagns og ánægju og komið fram sem sjálfstæður lesandi sem gerir sér grein fyrir gildi þess að lesa.

Valið og beitt mismunandi aðferðum við lestur.

Lesið, túlkað og fjallað um fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir og gert grein fyrir gildi bókmennta.

Unnið úr tölulegum og myndrænum upplýsingum, túlkað þær, tengt saman efni sem sett er fram á ólíkan hátt og nýtt sér það.

Leitað og aflað sér heimilda úr ýmsum gagnabrunnum og lagt mat á gildi og trúverðugleika ritaðs máls, svo sem fjölmiðla- og margmiðlunarefnis og tekið gagnrýna afstöðu til þess.

### Ritun (6/6)

Skrifað skýrt og greinilega og beitt ritvinnslu af öryggi, notað orðabækur og önnur



hjálpargögn, gengið frá texta, vísað til heimilda og skráð þær.

Beitt reglum um réttritun, hefur náð góðu valdi á stafsetningu og gerir sér grein fyrir að rétt stafsetning er virðing við mál, texta og lesanda.

Skrifað rafrænan texta og tengt texta, mynd og hljóð eftir því sem við á, gerir sér grein fyrir lesanda og miðar samninga við hann.

Valið og skrifað mismunandi textagerðir sem hæfa viðkomandi verki og beitt mismunandi orðaforða og málsniði við hæfi.

Beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisgreinum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar.

Tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir rituðu máli, samið texta frá eigin brjósti og er óhrædd við að beita ríkulegu tungutaki í skapandi ritun.

### Málfræði (6/8)

Beitt helstu málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess.

Áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra.

Áttað sig á skyldleika íslensku við önnur tungumál og að tungumál, þar á meðal íslenska, breytast sífellt, áttað sig á og beitt sköpunarmætti tungumálsins og nýtt það m.a. Við ritun, tal, við nýyrðasmíði, í orðaleikjum og skáldskap.

Fletta upp í handbókum og rafrænum orðaböngum og nýtt sér málfræðilegar upplýsingar sem þar er að finna.

Valið orð í tali og ritun í samræmi við málsnið, gert sér grein fyrir mikilvægi þess að rækta orðaforðann og nýtt reglur um orðmyndun og einingar orða við ritun.

Notað fleyg orð, algeng orðtök, málshætti og föst orðasambönd til að auðga mál sitt og gerir sér grein fyrir þýðingu lestrar, ekki síst bókmennta í þessu skyni.

Gert sér grein fyrir mismunandi málnotkun og málsniði eftir efni og tilefni. Áttar sig á staðbundnum, starfstengdum og aldurstengdum tilbrigðum í orðaforða og málnotkun og þekkir helstu framburðarmállýskur.

## Grunnþættir menntunar

### Læsi

Að geta lesið ritað mál og skilið það. Skrifað texta og tölur sem og tjáning og miðlun upplýsinga.

### Sjálfbærni

Að stuðla að sjálfbærni og horfa til framtíðar og virða rétt komandi kynslóða.



**Heilbrigði og velferð**

Að draga fram jákvæða þætti í fari nemenda, styrkleika og ábyrgð hans á eigin námi.

**Lýðræði og mannréttindi**

Að stuðla að jafnrétti milli einstaklinga og hópa í samfélaginu sem og sjálfstæði og samvinnu.

**Jafnrétti**

Gagnrýn skoðun á viðteknum hugmyndum í samfélagi og stofnunum þess í því samhengi að kenna nemendum að greina aðstæður sem leiða til mismunar eða forréttinda.

**Sköpun**

Skapandi og gagnrýnin hugsun er einn af grunnþáttum mennskunnar. Hún þrífst í frjálsu, opnu og fjölbreyttu samfélagi þar sem jafnrétti ríkir.